



Lúxemborg, 27. nóvember 2013

FRÉTTATILKYNNING 13/2013

Dómur í máli E-6/13 *Metacom AG* gegn *Rechtsanwälte Zipper & Collegen*

TILKYNNINGARSKYLD A FYRIR EVRÓPSKA LÖGMENN Í LIECHTENSTEIN. MÁL REKIÐ Í EIGIN NAFNI.

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar sem honum bárust frá dómstóli í Liechtenstein („Fürstliche Landgericht des Fürstentums Liechtenstein“) varðandi túlkun tilskipunar ráðsins 77/249/EEB frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu („tilskipunin).

Aðilar málsins fyrir dómstólnum í Liechtenstein eru Metacom AG, fyrirtæki sem skráð er í Liechtenstein („sóknaraðili“), og Rechtsanwälte Zipper & Collegen, lögmennsstofa með aðsetur í Þýskalandi („varnaraðili“). Þar sem sóknaraðili dró málshöfðun sína til baka, var hann talinn hafa tapað málinu í meginatriðum. Kröfu varnaraðila um málskostnað var hins vegar hafnað, meðal annars á þeim forsendum að hún samræmdist 59. gr. þarlendra laga um lögmenn. Samkvæmt því ákvæði þurfa lögmenn sem stofnað hafa til atvinnustarfsemi í öðrum EES-ríkjum að tilkynna Lögmannafélagi Liechtenstein um áform sín um að veita lögfræðilega þjónustu frá öðru ríki í Liechtenstein áður en að þeir hefja starfsemina og láta viss gögn fylgja slíkri tilkynningu. Ef evrópskur lögmaður uppfyllir ekki þessar kröfur getur hann ekki farið fram á greiðslu fyrir lögmennsstörf samkvæmt verðskrá í Liechtenstein.

Dómstóllinn í Liechtenstein ákvað að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólins. Landsdómstóllinn leitaði svars við þeirri spurningu hvort regla í landsrétti, eins og 59. gr. laga um lögmenn í Liechtenstein, væri í samræmi við tilskipunina, þá sérstaklega 1. mgr. 7. gr. hennar. Landsdómstóllinn spurði einnig hvort lögmaður sem ræki mál í öðru EES-ríki en því sem hann hefði stofnað atvinnurekstur í, gæti byggt á ákvæðum tilskipunarinnar þegar hann ræki mál í eigin nafni, en væri ekki ráðinn til að veita viðskiptavinum lögmennsþjónustu.

EFTA-dómstóllinn taldi þegar að lögmenn rækju mál í eigin nafni, þá væri það sami aðili sem veitti og þægi þjónustuna. Á hinn bóginn breytti það ekki þeirri staðreynd að þjónustan sem um ræddi væri venjulega veitt gegn endurgjaldi. Þar af leiðandi gæti lögmaður sem ræki mál í eigin nafni í öðru EES-ríki en því sem að hann hefði staðfestu í borið fyrir sig frelsið til þess að veita þjónustu og tilskipunina ef hann gerði það í atvinnustarfsemi, og ef landsréttur gistiríkisins leyfði lögmanni að reka mál í eigin nafni, sem lögmaður í málinu.

Að því er snerti tilkynningarskylduna taldi EFTA-dómstóllinn að 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar heimilaði þar til bærur yfirvaldi í EES-gistiríkinu að fara fram á það við þann sem veitti þjónustuna að hann sýndi fram á að hann hefði réttindi sem lögmaður í heimaríki sínu. EFTA-dómstóllinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að regla í landsrétti, líkt og sú sem um var að ræða í Liechtenstein, gengi lengra en það sem gistiríki væri heimilt að fara fram á samkvæmt 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Í reglunni felst að lögmaður sem hefur staðfestu í öðru EES ríki þarf alltaf og að eigin frumkvæði að láta af hendi gögn sem sýna fram á lögmennsréttindi, og að auki láta þar til bær yfirvöld gistiríkisins vita áður en hann veitir þjónustu í því ríki sem og að endurnýja tilkynninguna árlega.

Þar sem slík regla væri líkleg til að hindra, eða gera það ófýsilegra að veita þjónustu yfir landamæri, taldi dómstóllinn að hún bryti einnig gegn 1. mgr. 36. gr. EES-samningsins um þjónustufrelsi. Enn fremur komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að slík regla gæti ekki verið réttlætanager, enda gengi hún lengra en nauðsynlegt væri til að ná fram því lögmæta markmiði að tryggja að einstaklingur hefði gild lögmennsréttindi til þess að starfa í öðru EES-ríki. Dómstóllinn benti á að til þess markmiðs

hefði þegar verið tekið tillit í 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar og þar af leiðandi væri ekki unnt að nota það til að réttlæta eftirlitsaðgerðir sem gengju lengra en það sem heimilt væri samkvæmt ákvæðinu.

Landsdómstóllinn spurði einnig hvaða afleiðingar misbrestur á að fara eftir tilkynningarskyldu að landsrétti, eins og í 59. gr. lögmanna laga Liechtenstein, hefði fyrir heimtu gjalds vegna lögmansþjónustu. Svar EFTA-dómstólsins var að misbrestur á að fara eftir slíkum reglum gæti ekki haft þýðingu fyrir kröfu um greiðslu lögmanskostnaðar vegna þjónustu sem veitt er yfir landamæri.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.